

HEB/kb

Reykjavík 12. nóvember 2010

Tilv.: 201010-1007

670

Allsherjarnefnd Alþingis hefur sent ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot) 48. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að frumvarpið hafi áður verið flutt á 135., 136. og 138. löggjafarþingi en ekki útrætt og því endurflutt. Ríkissaksóknari hefur áður gefið umsögn um frumvarpið, síðast með bréfi dags. 15. mars 2010, en umsögnina má finna hér neðar. Afstaða ríkissaksóknara hefur ekkert breyst á þeim tíma sem liðinn er. Til áréttingar er tekið fram að í umsögn ríkissaksóknara er m.a. bent á að ákvæðið, eins og það er framsett í frumvarpinu, uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til skýrleika refsheimildar. Hugtakið nauðgun kemur fyrir í textanum en verknaðinum er ekki lýst að öðru leyti. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki útlistað hvað felist í hugtakinu, heldur er því slegið föstu að nauðgun sé þekkt og skilgreint hugtak. Að mati ríkissaksóknara er framangreind nálgun ófullnægjandi og til þess fallin að skapa vafa um innihald ákvæðisins. Hætta er á að slíkur vafi yrði túlkaður sakborningi í hag, sbr. regluna in dubio mitius.

Þá er áréttað að gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þá fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð að réttarvörslukerfið hafi gefið andlegum afleiðingum nauðgana afar lítinn gaum. Fullyrðingin er röng eins og nánar er vikið að í umsögninni frá 15. mars sl.

Í greinargerð með frumvarpinu er tekið fram að lagt sé til „...að réttarvörslukerfið taki upp allt aðra hugsun og nálgun í kynferðisbrotamálum“. Einnig að það verði „...að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati í málum sem varða brot gegn kynfrelsi...“. Af hálfu ríkissaksóknara er bent á að sé ætlunin með breytingu frumvarpsins að umbylta rannsóknaraðferðum og sönnunarmati þá þarf að breyta réttarfarslöggjöfinni. Þeirri löggjöf var breytt eftir gagngera endurskoðun með lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem tóku gildi 1. janúar 2009. Ekki verður séð að við þá endurskoðun hafi þótt ástæða til að gera breytingar á framangreindu.

Að endingu er vísað til umsagnar ríkissaksóknara frá 15. mars. sl., en hún er tekin upp hér orðrétt:

„Ríkissaksóknari telur ekki efni til að breyta efnislýsingu ákvæðis 194. gr. almennra hegningarlaga á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Á það er bent að sú skilgreining á nauðgunarbrotinu sem lögfest var með 3. gr. laga nr. 61/2007 er mun víðtækari en áður var. Inn í ákvæðið er komin sú verknaðaraðferð að beita þolandann ólögumætri nauðung, bæði andlega og líkamlega, auk þess sem brot

gegn fólki sem ekki getur vegna ástands síns spornað við kynferðisbrotinu er nú fellt undir nauðgunarákvæðið. Ríkissaksóknari telur rétt að lengri tími líði áður en hugað verði að frekari breytingum á nauðgunarákvæðinu, auk þess að láta í ljós miklar efasemdir um að sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu leiði til fleiri sakfellinga í þessum málaflokki enda þyrfti ákærvaldið eftir sem áður að sanna að kynmök hafi farið fram gegn vilja og án samþykkis þolandans. Þá má ætla að ákvæðið, eins og það er fram sett í frumvarpinu, uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru um skýrleika refsheimilda.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varða að lögum nr. 61/2007, er Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands ritaði, segir m.a. um nauðgunarákvæði frumvarpsins:

„Með ákvæðinu er lagt til að efni 194. gr. hgl. um nauðgun verði rýmkað verulega, en haldið er í það form sem ákvæðið hefur í gildandi lögum. Það er nýmæli að hugtakið nauðgun kemur fram í ákvæðinu sjálfu og er lýst í hverju hún felst. Hugtakið er rýmkað mjög frá því sem er í gildandi lögum því að samkvæmt frumvarpinu falla undir nauðgun ólögsmæt kynferðisnauðung (skv. 195. gr. nógildandi laga) og misneyting (skv. 196. gr. nógildandi laga), auk nauðgunar í hefðbundnum skilningi laga. Hugsunin er sú, að hið nýja ákvæði um nauðgun taki til þeirra tilvika þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda, enda er það undirliggjandi skilyrði að samþykki skorti til kynmakanna. Til þess að lýsa refsinnæmi háttseminnar sem gleggst þannig að ákvæðið fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru varðandi skýrleika refsheimilda eru tilgreindar aðferðir sem eiga að taka til þeirra tilvika þar sem kynmök fara fram án samþykkis þolanda.“

Ríkissaksóknari tekur undir þau sjónarmið sem prófessorinn reifar varðandi nauðgunarbrotið en grunninntak ákvæðisins er að kynmök fari fram án samþykkis þolanda þó ekki sé talið rétt að fara þá leið að byggja nauðgunarhugtakið eingöngu á því að það skorti samþykki til kynmakanna, líkt og gert er í engilsaxneskum rétti.


Með hliðsjón af framangreindu og dómaframkvæmd telur ríkissaksóknari ljóst að við meðferð nauðgunarmála sé áhersla lögð á að sýna fram á að kynmök hafi farið fram án samþykkis þolanda og að gerandi hafi gert sér grein fyrir þessum skorti á samþykki. Má í þessu efni vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 589/2006, 383/2008 og 229/2008. Í greinargerð með frumvarpinu er gerð athugasemd við að ásetningur geranda þurfi að ná til þess að hann „...hafi gert sér grein fyrir því að verknáðurinn hafi verið framinn gegn vilja brotþola.“ Ríkissaksóknari bendir á að ásetningur er saknæmisskilyrði nauðgunarbrotisins líkt og flestra brota gegn almennum hegningarlögum. Af því leiðir m.a. að maður verður ekki sakfelldur fyrir nauðgun ef hann vissi ekki eða mátti ekki vita um óvilja konunnar til kynmakanna.

Í greinargerðinni er fullyrt að við rannsóknir nauðgunarmála sé „...rannsókn á andlegum áverkum gefinn lítill gaumur...“, að réttarvörslukerfið gefi þessum afleiðingum „...afar lítinn gaumur...“ og að vanrækt hafi verið að afla sönnunargagna um þessi atriði. Ríkissaksóknari mótmælir þessum fullyrðingum sem röngum enda er gagna um andlegar afleiðingar nauðgunarbrotisins aflað í öllum nauðgunarmálum vegna þess að þau eru talin styðja kröfur ákærvaldsins um sakfellingu og um slík gögn er ávallt fjallað í dómum. Um er að ræða vottorð og vitnaframburð lækna, sálfræðinga og annars fagfólks sem annast hefur þolandann sem og vitnaframburði fólks sem til þolandans þekkir eða hitti þolandann skömmu eftir brot og getur borið um andlegt ástand viðkomandi í kjölfar brotsins. Ákærvaldið telur þessi gögn hafa mikið vægi við sönnunarmatið í nauðgunarmálum. Í dæmaskyni má

vísa til dóma Hæstaréttar í málum nr. 498/1998, 542/2005, 35/2007, 48/2007 og 185/2008. Þá má nefna að ríkissaksóknari hefur tvívegis gert þá kröfu í kynferðisbrotamálum að tiltekinn Hæstaréttardómari viki sæti í viðkomandi máli þar sem hann hafi sett opinberlega fram þá skoðun sína að slík gögn hefðu almennt ekki þýðingu fyrir sönnunarfærsluna, hvorki beina né óbeina.

Hvað varðar það atriði frumvarpsins að færa lágmarksrefsingu fyrir nauðgunarbrotið úr einu ári upp í tvö ár er vakin á því athygli að dómur fyrir nauðgunarbrot hafa verið að þyngjast jafnt og þétt undanfarin ár þó að taka megir undir það með flutningsmönnum frumvarpsins að dómstólar hafi verið tregir til að nýta refsramma ákvæðisins. Í nýútkomnu riti Ragnheiðar Bragadóttur, prófessors „Kynferðisbrot -dómabók“ er m.a. reifaðir allir dómur Hæstaréttar í nauðgunarmálum frá ársbyrjun 1992 til ársloka 2008 (til 11. desember 2008) og má þar glögg sjá að refsingar hafa verið að þyngjast. Þar kemur m.a. fram að á tímabilinu 1992-2003 var meðalrefsing fyrir nauðgun fangelsi í 2 ár. Talsverðar sveiflur voru í þyngd refsinga á árunum 2004-2008 en meðalrefsing á þessu 5 ára tímabili var 3 ára fangelsi. Ef aðeins voru tekin árin 2007-2008 var meðalrefsing fyrir nauðgun 3½ árs fangelsi. Við þetta má bæta að þyngsta refsing til þessa fyrir eitt nauðgunarbrot er 5 ára fangelsi en þar voru gerendur tveir og virkaði það til refsipýngingar auk grófleika brotins (dómur Hæstaréttar uppkveðinn 8. maí 2008 í máli nr. 74/2008). Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 17. desember 2009 var maður sakfelldur fyrir nauðgun og refsing hans ákveðin fangelsi í 4 ár og 6 mánuði. Þá má nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 129/2009, uppkveðinn 8. október 2009, þar sem maður var sakfelldur fyrir nauðgun og líkamsárás (skv. 217. gr. almennra hegningarlaga) gegn barnsmóður sinni og dæmdur til að sæta fangelsi í 4 ár og 6 mánuði.

Í áður nefndri greinargerð Ragnheiðar Bragadóttur með lögum nr. 61/2007 er fjallað um refsímörk og m.a. vikið að norskum og sænskum refsilögum sem innihalda refsilágmark fyrir nauðgunarbrotið, en sú er ekki raunin í dönskum hegningarlögum. Ríkissaksóknari leyfir sér að vísa til þeirrar umfjöllunar auk framangreindrar reifunar um þróun refsinga fyrir nauðgunarbrotið hvað varðar það álitaefni hvort hækka eigi refsilágmark nauðgunarbrotisins í 2 ára fangelsi.“


Hulda Elsa Björgvinsdóttir
settur saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK